



334. fundur Afrekssjóðs ÍSí 3. mars 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Pórey Edda Elísdóttir (PE), Stefán Jóhannesson(SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ), Guðrún Inga Sívertsen (GS),
Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

1. Erindi frá sérsamböndum

- Erindi frá KKÍ um viðbótarúthlutun

KKÍ sendi inn beiðni þann 25. febrúar sl. um viðbótarúthlutun úr Afrekssjóði vegna ársins 2025 vegna þátttöku A-landsliðs karla í Eurobasket, lokamóti EM í körfubolta þar sem 24 þjóðir taka þátt og fram fer í Kýpur, Lettlandi, Póllandi og Finnlandi í ágúst og september 2025. Með sigri á Tyrklandi í febrúar sl. tryggði liðið sér þátttökurétt á mótinu.

KKÍ fékk ekki sérstakan styrk vegna þátttöku liðsins í lokamótinu við úthlutun í byrjun árs, enda átti liðið eftir að klára leiki í riðlakeppninni, heldur fékk eingöngu styrk vegna ferðarinnar (umfang). Áætlað er að kostnaður við mótið eingöngu verði um 28 milljónir sem mögulega verði eitthvað niðurgreiddur af FIBA Europe.

Stjórn Afrekssjóðs samþykkti viðbótarúthlutun til KKÍ, 4 m.kr. vegna þátttökunnar sem hækkar í 10 m.kr. nái liðið árangri sem er fyrir ofan miðju í samræmi við viðmið vegna úthlutunar ársins.

Lagt fyrir Framkvæmdastjórn ÍSí til staðfestingar.

- Erindi frá KAÍ vegna flokkunar í afreksflokka

KAÍ sendi inn erindi þar sem óskað var eftir því að stjórn Afrekssjóðs ÍSí endurskoði ákvörðun sína um að flokka sérsambandið sem Verkefnasamband.

Umræða fór fram um flokkun afreksflokkan KAÍ.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí telur ekki ástæðu til að breyta afreksflokkun KAÍ. KSR var falið að svara erindinu.

- Fyrirspurn barst frá JSÍ um nánari skýringu þess að sérsambandið hefði verið fært úr flokki Afrekssérsambanda í flokk Verkefnasérsambanda.

KSR var falið að svara fyrirspurninni með vísan í ákvörðun stjórnar um flokkun í afreksflokka.

2. Rekstur sjóðsins og greiðslur fyrir umsýslu

Umræða fór fram um greiðslur til ÍSÍ fyrir umsýslu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins samþykkir að greiddar verði 10 m.kr. til ÍSÍ vegna þjónustu starfsmanna ÍSÍ árið 2025 og 3 m.kr. vegna umsýslu við sjóðinn sbr. samning við stjórnvöld. Í ljósi nýs fjármagns frá stjórnvöldum í afreksstarf verði hins vegar hætt greiðslu 2 m.kr. vegna heilbrigðisteymis og 2 m.kr. vegna Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ.

Lagt fyrir Framkvæmdastjórn til staðfestingar.

Rætt var að rétt þykir að gera betur grein fyrir raunverulegu umfangi þjónustu starfsmanna ÍSÍ við sjóðinn fyrir næstu úthlutun.

3. Önnur mál

Umræða fór fram um fundaröð afrekssviðs ÍSÍ og aðkomu Afrekssjóðs að henni.

Umræða fór fram um verkefni Afrekssjóðs næstu vikur.

Upplýst var að samningar Afrekssjóðs og sérsambanda um greiðslur séu tilbúnir og búið að senda út til fjölda sérsambanda til rafrænnar undirritunar. Gert ráð fyrir að sérsamböndin hafi undirritað samninginn fyrir næstu útgreiðslu þann 21. mars nk.

Fundi slitið kl. 12.35